

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr.
21.08.2019	17:00	HT stofa 1013	fundar 3
Fundarboðandi	Fundarritari		Da
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar		gs. rituð 21 .08.19
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Margrét Ósk Gunnarsdóttir (MÓK) (V)			
Tinna Líf Jørgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC)			
Eyrún Baldursdóttir (EB)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ)			
Jóna Margrét Hlynsdóttir Arndal (JMHA) (V) fyrir Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Bjarnveig Björk Birkisdóttir (BBB) (V) fyrir Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEÞ) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)			
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Einar Halldórsson (EH) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JÞP)
Marínó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)
Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)
Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir (ÞEM) (R)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Dagur Fannar Magnússon (DFM) (R)

Menntavísindasvið:

Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)

Dagskrá fundarins:

Fundardagskrá er birt með fyrirvara um breytingar

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
2. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
3. [Nýnemadagar](#)
4. [Kynning á HÍ21, Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor og Jón Atli Benediktsson rektor 17:15-17:55](#)
5. [Kosning fulltrúa Stúdentaráðs til Háskólaþings \(atkvæðagreiðsla\) 17:55 - 18:00](#)
6. [Hlé 18:00-18:05](#)
7. [Lagabreytingatillögur 18:05-18:40](#)

8. [Kosning á fulltrúum Stúdentaráðs í ritstjórn Stúdentablaðsins \(atkvæðagreiðsla\) 18:40-18:45](#)
 9. [Kosning á fulltrúum í stjórn Stúdentasjóðs \(atkvæðagreiðsla\) 18:45-18:50](#)
 10. [Verklagsreglur Stúdentaráðs \(atkvæðagreiðsla\) 18:50-19:15](#)
 11. [Breyting á skipan varafulltrúa í Stúdentaráði \(atkvæðagreiðsla\) 19:15-19:20](#)
 12. [Starfshópur um 100 ára afmæli Stúdentaráðs \(atkvæðagreiðsla\) 19:20-19:35](#)
 13. [Tillaga vegna úthlutunarreglna FS \(atkvæðagreiðsla\) 19:35-19:50](#)
 14. [Önnur mál 19:50-20:00](#)
-
1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05**
Samþykkt einróma
 2. **Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15**
 - a. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15
 - i. Nýnemadagar
 1. Erum með staðfesta aðkomu að nýnemadögum á öllum sviðum, annað árið í röð. SHÍ fær því að halda kynningu með sviðsráðum hvers sviðs á nýnemadögum þeirra sviða. Þá erum við í viðræðum við sviðin um aðkomu Stúdentaráðs að stofukynningum nú á haustönn til að auka sýnileika ráðsins eins og rætt var í stefnumótunarferðinni
 - ii. Upplýsingar frá stjórn
 1. Stjórn var upplýst um vinnutíma skrifstofunnar og farið yfir tímaskráningu starfsfólks, hún útskýrð og rökstudd, þá var rætt um hvenær kosningar eigi að verða og mega SHÍ liðar eiga von á að það verði rætt innan sviðsráða ykkar á næstunni. SHÍ mun halda fund með nemendafélögum í lok ágúst til að fara yfir októberfest, miðasölu þar, skipulag hátíðarinnar og vísó í Stúdentaráð ásamt kynningu á alþjóðastarfi ráðsins þar sem það er að taka á sig örlítið nýja mynd með tilkomu alþjóðafulltrúa
 - iii. Upplýsingar frá skrifstofu
 1. Guðjón er að skipuleggja myndatökurnar og þær eru farnar af stað þegar þessi fundur er haldinn. Októberfest er í fullri vinnslu í samstarfi við Guðnýju og Mána. Við óskuðum eftir tillögum varðandi aðgengi á hátíðina frá Margréti Lilju sem er fulltrúi stúdenta í ráði

um málefni fatlaðs fólks og er í hjólastól. Hún gaf okkur mjög flotta punkta sem við erum búin að koma til verktakans sem sér um gólf og uppsetningu og svona á hátíðinni og til háskólans sjálfs sem mun passa uppá mölina á svæðinu o.s.v.fr. Allir fulltrúar á skrifstofunni eru að sinna sínu og hlutirnir að ganga sinn vanagang

- iv. Heilsumánuður háskólans, háskólahlaupið
 1. HÍ mun vera með heilsumánuð í september þar sem Hrefna verkefnastjóri skipuleggur viðburði fyrir starfsfólk en einnig opna viðburði eins og Háskólahlaupið sem við munum auglýsa með þeim og ég hvet alla hér til að taka þátt í, það verður haldið 13. september. Fótboltamótið í aðdraganda októberfest mun einnig minnast á að nú standi yfir heilsumánuður og við hvetjum stúdenta til að nýta tækifærið og hreyfa sig.
- v. Loftslagsverkföll - loftslagsvika í September og upplýsingar frá Umhverfis- og samgöngunefnd
 1. 20. - 27. september. SHÍ er að skipuleggja verkfallið og þennan fund.
 - a. Skipulagshópurinn sem ég sit í fyrir hönd SHÍ er nú að undirbúa verkfallsviku sem verður frá 20. september til 27. september en henni mun fylgja undirskriftasöfnun þar sem krafist verður aðgerða. Þetta verður risastórt svo takið daginn 20. september frá! Það koma inn frekari upplýsingar um þetta á næstunni en hópurinn er að skipuleggja sig og þegar það komast frekari skorður á þetta held ég ykkur upplýstum. Þessu tengt er ég með tilkynningu frá Umhverfis- og samgöngunefnd
 2. Viðburður - Kolefnisbinding Háskólans. Kolefnajöfnunardagur.
Viðburður sem er eitt af markmiðum grænfánans.
 - a. *Í september heldur Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ í samstarfi við verkefnisstjóra sjálfbærni- og umhverfismála HÍ, Þorbjörgu Söndru Bakke, Garðyrkjudeild HÍ og Reykjavíkurborg viðburð sem snýr að kolefnisbindingu háskólans. Þegar þetta er skrifað er ekki orðið fast í stein nákvæmlega hver dagskrá viðburðarins verður en að öllum líkindum verður Vatnsmýrin hreinsuð af rusli og slíku og einhver tré gróðursett. Viðburðurinn sem um ræðir er eitt af markmiðum vetrarins fyrir Grænfánaverkefnið, en við stefnum að því að HÍ fái Grænfánann afhentan næsta vor. Við vonumst til þess að stúdentaráðsliðar fjölmenni því slíkur viðburður hefur ekki verið haldinn áður og mikilvægt að hann heppnist vel!*
- vi. O.fl.
 1. Rektorsfundur 18. september, forseti hvetur SHÍ liða til að koma með mál sem hún getur tekið inná fundi með rektor en þau funda reglulega.
 2. FS samtalið og póstinna
 - a. Geggjaðar breytingar í vændum

- b. Plastlaus Háma og veganvæðing:
 - i. Plasthnífapör voru enn í boði fyrir stuttu síðan, vatn var selt í plastflöskum en vinna við að breyta þessu hefur skilað sér! Núna síðast fóru Guðjón og Helga Lind á tæplega tveggja tíma fund með kröfur okkar varðandi matarúrval og það eru geggjáðar breytingar í vændum! Plastlaus háma og veganvæðing hámu er í gangi sem er ógeðslega skemmtilegt dæmi um einstök verkefni: Það er nýtt salat og ný samloka að koma inn. Fetaostinum verður sleppt á hluta af kjúlkingabaunasalatinu. Pakkasmjörið hverfur, plast utan um rúsínur hverfur (reyndar er allt plast á leiðinni út - En það er í vinnslu líka). Kemur rúnstykki með vegan smjöri/mæjó og grænmeti. Flatkaka með hummus (líka nýr og betri hummus, ekki þessi kornótti vondi).
3. Ábending varðandi önnur mál. Gæti verið lítil hluti sem verður ræddur þar sem dagskrá er pökkuð en nokkur önnur mál hafa borist.
4. 24. sept verður næsti fundur. FS mætir þá.
5. Forseti minnir SHÍ liða á að skrá sig í myndatöku
 - a. Markmiðið er að setja þetta út fyrir októberfest.

3. Kynning á HÍ21, Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektr og Jón Atli Benediktsson rektor

17:15-17:55

- a. Rektor hefur mál sitt
- b. Hann hefur verið að fara á milli fræðasviða og deilda með þessa kynningu en honum finnst mikilvægt að fara líka til SHÍ og kynna þessa stefnu háskólans. HÍ hefur þrisvar sett sér sér 5 ára markmið.
- c. 17:12 AÓS kemur inn á fundinn
- d. Farið yfir þróunina á hvernig stefnumótunin var unnin. Það er stóráukin samkeppni innan háskóla. Bæði hérlendis og erlendis. HÍ er alþjóðlegur háskóli. Allir Háskólar eru að bæta sig - Þakkar stúdentum fyrir að hafa barist fyrir auknu fjármagni og það sé að skila sér í betri háskólum. Það ser samkeppni um peninga, nemendur og starfsfólk. Aukinn þrýstingur frá stórnvöldum um hvernig fjármagn er nýtt. Auknar væntingar samfélagsins til starfsemi háskólans. 75 aðgerðir felast í stefnunni og verið að vinna með þau öll. Gæðaráð (fyrri umferð) tóku ábendingarnar og þetta fór allt inn í stefnumótunarvinnu. Lagt er áherslu á að allir komi að stefnumótuninni.
- e. Aldarafmællissjóður - Hægt að nýta hann í sérstök verkefni.

- f. Fjórða innleiðingarár er nú hafið. Næsta ár er rýning og kynning og stefnan gerð upp. Sérstakur framkvæmdahópur vinnur að því. Aðgerðum skipt niður í forgangsröð.
- g. Steinunn Gestsdóttir tekur við kynningu:
- h. Einstaka aðgerðir teknar fyrir
- i. Strax í upphafi þá lagði Jón Atli mikla áherslu á aðkomu stúdenta.
 - ii. Hvað hefur gerst frá því að vinnan hófst.
 - iii. Þau markmið sem koma að gæði náms og kennslu
 1. Eru efst á dagskrá í stefnunni
 2. Verið að taka á öllum þessum markmiðum
 3. Langflest er farið af stað og allt nánast orðið gult eða grænt.
 4. Nýtt námsumsjónarkerfi - Canvas
 5. Rafræn próf - Inspira
 6. Náms hjól - á hi.is
 7. Ýmsar aðgerðir á vegum deilda
 - iv. Rannsóknir
 1. Mest lagt áherslu á fyrsta markmiðið í þessu holti. Eins og áður þá eru langflest markmið komin vel á vel. Blátt þýðir að aðgerðinni var lokið áður en þau byrjuðu innleiðinguna.
 2. Verulega áhersla á doktorsnámið
 - v. Virk þátttaka
 1. Full örlát á græna litinn í þeim hluta kynningarinnar segir Steinunn
 2. En langflest atriði komin af stað
 - vi. Mannauðurinn
 1. Ekki eins mörg verkefni og þau hefðu viljað
 2. Stúdentar eiga heiður skilið fyrir vinnu þeirra við að koma á kortið geðheilbrigði.
- i. Jón Atli Benediktsson tekur við kynningu:
- i. Starfsáætlun Háskólaráðs kynnt lítillaga. Allar upplýsingar inná Uglu varðandi þessa stefnu. Þau hafa nýtt stefnuna við stjórnun. Vildu tryggja það að allar helsu aðgerðir væru í innleiðingu- Með þetta QEFII þá eru margar deildir í úttekt.
- j. JPP opnar fyrir spurningar og beinir til SHÍ liða að tilkynna sig á mælendaskrá. Spurningar:
- i. ÞDA spyr: Á glæru númer 18 var tekið dæmi um geðheilbrigðisþjónustu við stúdenta. Hvenær má búast við ráðningu þriðja sálfræðingsins eins og HÍ tjáði fyrir rúmu ári að ætti að ráða inn? JAB svarar: Fjármunirnir eru til, en þetta snýr að húsnæði. Vonar að þetta gangi sem allra allra best. SG: passa að vera í sambandi næstu vikur
 - ii. RÞ spyr: Upptökur á fyrirlestrum kemur fram í stefnunni og talað er um framsækið nám. Er í kortunum að skylda kennara til að taka upp. SG: ekki í stefnunni að skylda kennara í að taka upp fyrirlestra. Á að vera framsýnt - Hluti að gefa ekki upptökur - Flip teaching. Hvernig er kallað eftir

- slíkum upptökum? Er á forræði fræðasviðanna að þar sem er sérstök ósk nemenda og þörf á. Öllum deildum ljóst hvar er mest þörf á.
- iii. MÓG: Nám og kennsla, hún spyr úti leyfi fyrir kennara til kennsluþróunar. Hvað felst í því? SG: Þetta er tilraunaverkefni þar sem kennurum er veittur afsláttur á kennsluskyldu til að nýta í að þróa námskeið sín og kennsluáðferðir. Fyrst gert núna í apríl 2019. Þeir auka þekkingu sína t.d. á ráðstefnum erlendis. En stór hluti þess sem þau eiga að gera og endurskoða snýr að notkun upplýsingatækni. Síðast voru 20 kennarar sem sóttu um og fengu og eru að hefjast handa við þróunina.
- iv. ÞEP: Þessi stefna leggur áherslu á að háskólinn sinni jafnréttismálum og hann standist alþjóðlegar gæðakröfur. Hvernig samræmast aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með notkun röntgengeisla þessum gildum? JAB svarar: Segir að það var farið í gegnum það mál í Háskólaráði og það hafi ekki verið auðvelt mál. Þau litu á það þannig að það væri næstu 9 mánuði gert en svo yrði það endurskoðað. Hann skrifaði bréf til dómsmálaráðherra að það þyrfti að endurskoða sínar reglugerðir. Segir að það verði að taka þetta upp aftur seinna.
- v. ÁJ spyr: Stefna skólans um virka þátttakendur í HÍ. Hvernig eiga fyrirtæki að koma að starfsemi háskólans. JAB: Búið að gera samninga við tvö fyrirtæki. Alvogen og Grósku - segir að starfsemi þessara stofnana þurfi á einhvern hátt að tengjast háskólastarfi. Mögulega er að koma Alvotech 2. Ekki búið að útklá hvað verður í þessari byggingu - Líklegast verður lyfjafræðin þar. Til þess að vísindagarðar virki þá þarf að vera háskólastarfsemi í byggingunni.
- vi. VÓ: Times higher education - HÍ ekki á lista yfir þá háskóla sem eru að takast á við loftslagsbreytingar - Hvað ætla þau að gera í loftslagsbreytingum? JAB: Er þetta ekki listi sem tengist heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna? HÍ stefnir á að gera betur. JAB segir að HÍ ætli að taka sig taki - gera betur. HÍ þarf bara að ræða málið og er ekki að gera jack shit. Hann getur ekki svarað þessu. Verið að reyna að nota heimsmarkmiðin sem ramma að rannsóknum. Ekki forgangsmál að vera á þessum lista - Tala bara innávið en ekki útávið.
- vii. IAS: Er eitthvað verið að hugsa um að auka sæti í deildum sem er mikil aðsókn og takmarkað pláss - eins og í læknum. SG og JAB: Í lækni-fræðinni þá er búið að hækka í 54 úr 48. Stefnan er að fara upp í 60 manns. Tannlæknar - Alltaf spurning um stólana. Búið að breytast í hjúkrunafræðinni.
- viii. IAS: Stúdentagarðar í skerjagarðinum. JPP tekur þann bolta og svarar: Það er á borði FS og þau eru að hanna og vinna deiliskipulagstillöguna as we speak.
- ix. LG: Eru skýrar aðgerðir í að bæta aðgengi fyrir fatlaða - sérstaklega Eirberg. SG: Lyftan er í vinnslu og átti að vera komin upp. Það er eitthvað vandamál varðandi það hvernig er hægt að gafa niður. Það er verið að

leita eftir leiðum til að tryggja aðgengi eins fljótt og auðið er. Farið í allar deildir á deildarfundi. SG: Þau eru með sérstaklega aðgerðaráætlun sem þau eru að vinna sig í gegnum.

- x. LG: Hljóupptökur við stuðning við fjölskyldur - Er það eitthvað á döfinni eða bara almennur stuðningur við fólk í þessari stöðu? SG - Í þessari áætlun þá er sérstaklega talað um að það séu ekki tímar eftir fjögur og er líka verið að skoða að byrja fyrsta tímunn seinna. Nýr starfsmannastjóri að byrja á mánudaginn og það þarf bara að ræða þetta við hana - um að þetta þurfi að komast strax á dagskrá.
- k. Jóna Margrét mætir á fundinn 17:41
 - i. AE: Fyrsta lagi: Deilijól og rafbílur fyrir starfsfólk og einnig aðgang að rafhleðslustöð hver er staða á þeim málum- JAB: segir að það hafi verið hæg þróun með þessa bíla, það er verið að tala um að fjölga þeim en hann veit ekki hvernig þetta gengur varðandi það ef að það bætast mikið við hverjir eru að nota. Þá gæti verið réttlæt看legt að skrifstofa SHÍ fái aðgang að slíkum bílum en það þyrfti að skoða nánar. Rafhleðslur eru í vinnslu en mjög hæg þróun og erfið, eiga þó að koma og fjölga mikið á svæðinu. En þegar það er svona lítið þá er það erfitt.
 - ii. MÓG: Sjálfsmat deilda, hver er tímalínan á að fá niðurstöðu úr þessari úttekt innan deilda? SG Fyrst er sjálfsmat deilda en síðan er bara ein úttekt sem er unnin á þessu skólaári og niðurstaða hennar mun liggja fyrir í vor. Háskólaþing er helgað þessu - JAB: Eins og JAB sér þetta þá verður þetta grundvöllur að næstu stefnu.
 - iii. KKK: Hvernig koma nemendur í deildum beint að matinu. SG: skýrir ferlið við matið
 - iv. DAT: Glæra 35. Það eru margir skiptinemar að koma hingað og stunda nám hér sem eiga erfitt að fá námið sitt metið erlendis. SG: segir að það sé framundan að gera áætlun sérstaklega um þetta á næsta ári.
 - v. ÞDA: 96% deilda búið að setja upp leiðir til að koma fram ábendingum frá stúdentum. Hverjar eru leiðirnar og er búið að finna betri leiðir en kennslukannanir? SG segir að það sé verið að koma af stað betra samtali á milli deilda til að deilda best practise
 - vi. JPP þakkar JAB og SG fyrir komuna og fyrir góðar umræður, boðar fundarhlé einum fundarlið áður en það stóð til.

4. Kosning fulltrúa Stúdentaráðs til Háskólaþings (atkvæðagreiðsla) 17:55 - 18:00

- a. 10 fulltrúar skipaðir

Tilnefningar skrifstofu og Stúdentaráðs til Háskólaþings

Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Skipa skal 3 fulltrúa úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs. 7 skulu skipaðir úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra í hlutfalli við niðurstöður kosninga til

Stúdentaráðs. sbr. f- liður 18. gr. laga SHÍ

Þrír fulltrúar úr röðum starfsfólks skrifstofu SHÍ eru:

Aðalfulltrúar skrifstofu:

Jóna Þórey Pétursdóttir, Helga Lind Mar, Marinó Örn Ólafsson

Varafultrúar:

Kolfinna Tómasdóttir, Guðjón Björn Guðbjartsson, Elísabet Brynjarsdóttir

Sjö fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða auk varafultrúa í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs í samræmi við tilnefningar ráðsliða á fundi 21. ágúst 2019:

Aðalfulltrúar Vöku:

Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Margrét Ósk Gunnarsdóttir, Derek T. Allen.

Varafultrúar Vöku:

Kolbrún Lára Kjartansdóttir, Azra Crnac, Guðrún Karítas Blomsterberg.

Aðalfulltrúar Röskvu:

Eyrún Baldursdóttir, Ásmundur Jóhannsson, Sigurður Vopni Vatnsdal, Rebekka Karlsdóttir

Varafultrúar Röskvu:

Aðalbjörg Egilsdóttir, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Katla Ársælsdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir

- a. MÓG: Spyr hvernig þetta háskólaþing fer fram. JÞP svarar að það sé skylt að halda það einu sinni á ári, það er þó almennt tvisvar á skólaári og þar séu rædd stór mál, t.d. hafi á síðasta Háskólaþingi verið umræður um drög að nýju heildarskipulagi háskólasvæðisins.
- b. Lagt fram í heild sinni.
- c. **Einróma samþykkt**

5. Hlé 18:00-18:05

6. Lagabreytingatillögur 18:05-18:40

- a. Lagabreytingartillaga um framkvæmd bókana:

21. ágúst 2019

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

LAGABREYTINGARTILLAGA
-um framkvæmd bókana

<i>50. gr.</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>a. Fundarmeðlimir geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem til umræðu eru á stúdentaráðsfundi. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Einnig geta fundarmeðlimir boðað framlagningu bóknar og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi næsta Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.</p>	<p>a. Bókun á fundi Stúdentaráðs: Fundarmeðlimir geta skilað inn skriflegri bókun á stúdentaráðsfundi varðandi málefni sem til umræðu eru á fundinum. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara eigi síðar en undir þeim dagskrárlið er þær bornar upp. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir.</p> <p>b. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Einnig geta fundarmeðlimir boðað framlagningu bóknar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar boðað.</p> <p>c. Staðfesting bóknar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bóknarinnar og</p>

staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritar

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

15. gr.

Breytingartillaga

b. Fundarmeðlimir geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem til umræðu eru á stúdentaráðsfundi. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Einnig geta fundarmeðlimir boðað framlagningu bókunar og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi næsta Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá.

b. **Bókun á fundi Stúdentaráðs:**
Fundarmeðlimir geta skilað inn skriflegri bókun **á Stúdentaráðsfundi** varðandi málefni sem til umræðu eru á **fundinum**. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. **Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara undir þeim dagskrárlið er þær eru bornar up**
Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram mælendaskrá

c. **Bókun fyrir fund Stúdentaráðs:** Einnig geta fundarmeðlimir boðað framlagningu bókunar **fyrir þegar boðaðan fund** og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi **þess**

Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.

- d. Staðfesting bókanar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bókanarinnar og staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritara.

Lagt er til að tillagan taki gildi í lok fundar Stúdentaráðs X. júlí 2019

GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að færa skýrari framkvæmd um bókanir í lög Stúdentaráðs.

Upp getur komið sú staða að langar bókanir berist á fundi og gætu þær innihaldið mikið af upplýsingum. Til þess að rétt sé haldið utan um fundargerð er nauðsynlegt að þær skriflegu bókanir berist fundarritara skriflega á fundinum sjálfum svo ekki sé um eftir á hræringar að ræða, enda valda bókanir oft viðbrögðum og umræðum á fundi sem ratar í kjölfarið í fundargerð. Til að fundargestir geti rætt og brugðist við bókunum með viðeigandi hætti er nauðsynlegt að þær berist fundarritara skriflega fyrir eða á fundi.

Ástæðan fyrir viðbót c-liðar er til að vanda vinnubrögð við utanumhald um bókanir. Vinnuregla í t.d. bæjarstjórnnum o.fl. stöðum er að lesa upp fundargerðir í lok fundar fyrir fundargestum til þess að bókanir, tillögur og atkvæðagreiðslur séu rétt skráðar. Við vinnslu ofangreindrar tillögu var þessi leið skoðuð en eðli málsins samkvæmt er á mörgu að taka á fundum Stúdentaráðs þar

sem þeir eru að meginstefnu til aðeins einu sinni í mánuði. Því yrði óeðlilegt að fundargerð yrði fullunnin og tilbúin til yfirlestrar strax eftir fund og yrði upplestur mjög tímafrekur. Auk þess yrði yfirferð Stúdentaráðsliða á fundargerðum takmarkaðari með upplestri en ef þeim gefist tími til að lesa þær yfir sjálf. Því er lögð fram sú lágmarkskrafa að í stað þess að fundargerð er lesin upp í lok fundar skuli fundargestir sem leggja fram bókun líta yfir staðsetningu og framsetningu bókunar sinnar í fundargerðinni.

JPP opnar fyrir umræður:

IAS - Spyr hvort það sé nokkuð verið að taka fyrir að það séu munnlegar bókanir JPP svarar að svo sé alls ekki

MÓG - Spyr um hvort það sé hægt þa koma með bókun undir lið sem er ekki á dagskrá JPP svarar að það sé hægt en með því sé verið að koma máli á dagskrá tæknilega séð.

Einróma samþykkt

b. Lagabreytingatillaga vegna lokaðra funda



21. ágúst

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A

-um lokaða fundi

43. gr. b	Breytingartillaga
<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>Stúdentaráðsfundur getur að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum heimilað almennar umræður um dagskrárliði ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það.</p>	<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi eða einstaka dagskrárliðum fundar þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, til varnar trúnaðarupplýsingum eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>x. Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum.</p> <p>Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins, heimilað almennar umræður um dagskrárliði áður en fundi er lokað ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um</p>

	<p>viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.</p> <p>xi. Fundaritari skal aðeins gera opinbera fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum dagskrárliðum/fundum, í samræmi við eðli mála.</p>
--	---

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

<i>9. gr. b</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>Stúdentaráðsfundur getur að fenginni beiðni heimilað almennar umræður um dagskrárliði</p>	<p>Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi eða einstaka dagskrárliðum fundar þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, til varnar trúnaðarupplýsingum eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.</p> <p>x. Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt</p>

ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það.

á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum. Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins, heimilað almennar umræður um dagskrárliði áður en fundi er lokað ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.

xi. Fundaritari skal aðeins halda fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum dagskrárliðum/fundum.

Lagt er til að breytingin taki gildi strax eftir Stúdentaráðsfund 21. ágúst 2019

GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra hvað er átt við með lokuðum fundum og taka út þversagnakennt ákvæði. Lögð er áhersla á að fundir séu opnir en með b-lið er heimild til að loka fundi eða einstaka dagskrárliðum að fengnu samþykki meirihluta ráðsins. Bætt er við að heimilt sé að loka fundi til varnar trúnaðarupplýsingum, en þar gæti m.a. fallið að gögn sem ekki hafa enn verið opinber þurfi að koma til umræðu

innan ráðsins. Þá er næst skýrt hvað sé átt við með lokuðum fundi í næsta málslið. Því næst er skýrt að þeir sem myndu annars þurfa að víkja af fundinum, þ.e.a.s. aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins geti óskað eftir almennum umræuðm um dagskrárliðinn og þannig leitast eftir skýringum eða upplýsingum sem ekki falla undir viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga. Loks er bætt við ákvæði um hvernig fundargerð skal háttað þegar um lokaða fundi/dagskrárliði er að ræða en þar verður aðeins gert grein fyrir atkvæðagriedslum eða ákvörðunum Stúdentaráðs en ekki umræðum. .

Margrét: Spyr því hún man ekki hvort allir mega stinga upp á að verði lokað JPP svarar að svo sé

Ingveldur Anna: Leggur til breytingatillögu (tilgreind í fjólubláu)

Kosið um breytingatillögu:

Einróma samþykkt

Kosið um breytingu í heild:

Einróma samþykkt

c. Lagabreytingatillaga vegna nefnda

21. ágúst

Flutningsaðilar: *Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ*

LAGABREYTINGARTILLAGA
-um nefndir

-	-

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021.

<i>19. gr. a</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p>	<p>Á vegum Stúdentaráðs starfa 10 fastanefndir sem kveðið er á um í staflíðum ákvæðisins og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p>

G R E I N A R G E R Ð

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að einfalda lagabreytingar á nefndarstörfum og uppsetningu laganna. Ef nefndum fjölgar eða fækkar þarf ekki að gera breytingu á tölunni í a-lið ákvæðisins.

Engin breyting er lögð til á gildandi lögum þar sem þar er réttilega tilgreindur fjöldi nefnda, þ.e.a.s. 9, og er því óþarfi að breyta þeim fyrir gildandi starfsár.

Samþykkt einróma

d. Lagabreytingatillaga vegna stjórnar SHÍ

21. ágúst

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

LAGABREYTINGARTILLAGA

-um stjórn Stúdentaráðs

<i>IV. kafli laganna</i>	<i>Breytingartillaga</i>
30. grein a) Stjórn Stúdentaráðs hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni, er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra	30. grein a) Stjórn Stúdentaráðs hefur með höndum framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni, er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka, er

marka, er ráðið ákveður hverju sinni.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.

31. grein

a) Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Ritari og gjaldkeri skulu kjörnir einfaldri meirihlutakosningu á fyrsta fundi stjórnar. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og ritari úr röðum stjórnarmeðlima eða skrifstofu Stúdentaráðs.

b) Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.

c) Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í

ráðið ákveður hverju sinni.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.

31. grein

a) Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Ritari og gjaldkeri skulu kjörnir einfaldri meirihlutakosningu á fyrsta fundi stjórnar. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og ritari úr röðum stjórnarmeðlima eða skrifstofu Stúdentaráðs.

b) Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.

c) Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdastjóra og

tímann í samráði við framkvæmdastjóra og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.

d) Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjáhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdastjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs

e) Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

32. grein

a) Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.

33. grein

a) Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann fara frá. Þó er honum heimilt að krefjast annars

leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.

d) Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjáhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti.

Forseti og framkvæmdastjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs

e) Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

32. grein

a) Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.

33. grein

a) Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann fara frá. Þó er honum heimilt að krefjast annars stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var

stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

34. grein

a) Stjórn Stúdentaráðs skal gæta þess að gagnkvæm upplýsingatengsl séu á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Samráðsfundir með forsetum þessara félaga skulu haldnir reglulega og eigi færri en fjórir yfir skólaárið. Á samráðsfundum skal starfið í Stúdentaráði og háskólaráði kynnt, aflað álits nemendafélaga og fengnar upplýsingar um helstu mál hinna ýmsu félaga.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildafulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna

lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

34. grein

a) Stjórn Stúdentaráðs skal gæta þess að gagnkvæm upplýsingatengsl séu á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Samráðsfundir með forsetum þessara félaga skulu haldnir reglulega og eigi færri en fjórir yfir skólaárið. Á samráðsfundum skal starfið í Stúdentaráði og háskólaráði kynnt, aflað álits nemendafélaga og fengnar upplýsingar um helstu mál hinna ýmsu félaga.

b) Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildafulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum

störf Stúdentaráðs og háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum

35. grein

a) Á þeim tíma sem líður frá kosningum og uns ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

um stöðu mála í þeirra deildum

35. grein

a) Á þeim tíma sem líður frá kosningum og uns ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

VI kafli samþykktra laga frá 23. janúar 2019 taki gildi eftir stúdentaráðsfund X. júlí 2019 með neðangreindum breytingum, með númerum eftir því sem við á.

Neðangreind breytingatillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021. Þar af leiðandi nær breytingartillagan til laga SHÍ í ár auk þess að ná til laga ráðsins 2020 og áfram.

VI kafli laganna

Breytingartillaga

22. Grein – *Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar*

- a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.
- b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.

23. Grein – *Skipan stjórnar*

- c. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.
- d. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.
- e. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.
- f. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs

X. Grein – *Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar*

- o. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.
- p. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.

XI. Grein – *Skipan stjórnar*

- q. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér sér ekki fært um að mæta á.

XII. Grein – *Fundarboð, fundarsköp og hlutverk*

- r. Forseti Stúdentaráðs boðar fundi stjórnar með tölvupósti til allra stjórnarmeðlima eða annarri aðferð sem stjórn samþykkir. Fundi skal boða með minnst fjögurra daga fyrirvara.
- s. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. r-lið í undantekningartilvikum ef nauðsyn krefur og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði.
- t. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og skal almennt fylgja öll nauðsynleg fundargögn fundarins. Með fundarboði skal gera grein fyrir þeim fundargögnum sem kann að vera von á.

- og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.
- g. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.
- h. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.
24. Grein – *Starfshættir stjórnar*
- i. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.
- j. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.
- k. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.
- l. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.
- u. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.
- v. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.
- w. Gjaldkeri undirbýr fjárhagsáætlun Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann í samráði við framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs og leggur hana fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.
- x. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdarstjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs. **Þeir eru skuldbundnir til að vinna eftir samþykktri fjárhagsáætlun er varðar útgjöld ráðsins en hafa heimild öflunar tekna fyrir ráðið umfram fjárhagsáætlun. Stjórn ráðsins getur tekið ákvarðanir um ófyrirséðar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem rúmast þó innan daglegs reksturs og hefðbundinnar starfsemi Stúdentaráðs, s.s. viðgerð eða kaup á tölvu starfsmanns.**

- m. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.
- n. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.
- y. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.
- XII. Grein – Starfshættir og verklag stjórnar**
- z. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.
- aa. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.
- bb. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða öll fulltrúaráð stúdenta við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir fundargestum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.
- cc. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.
- dd. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.
- ee. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku

og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað

GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra störf stjórnar. Engar reglur voru um fundarboðanir, fundargögn eða fyrirvara fundarboðana í lögum Stúdentaráðs og er því lagt til að heim verði komið á. Breytingarnar taka mið af lögum Stúdentaráðs um boðun Stúdentaráðsfunda en er breytt lítillaga til að aðlaga að stjórn.

Þá eru nánari reglur færðar í lög um heimild forseta og framkvæmdastjóra til að skuldbinda ráðið og stýra fjármunum þess. Þar er fjárhagsáætlun ráðsins gefið meira vægi varðandi útgjöld en svigrúm er veitt til öflunar tekna. Það er fýsilegt þar sem samstarfsaðilar eru oft reiðubúnir til að styrkja ráðið um ýmislegt þegar til þeirra er leitað. Þá er skýrt að stjórn ráðsins hefur heimild til að samþykkja ákveðin ófyrirséð, óveruleg en hefðbundin útgjöld fyrir Stúdentaráð.

Loks er lögð til orðalagsbreyting á ákvæði um tengingu Stúdentaráðs við stúdenta skólans og lagt til að öll fulltrúaráð - sem eru samansöfn fyrirsvarsaðila nemendafélaga og hagsmunafulltrúar þeirra - séu boðuð í samræmi við framkvæmd síðasta árs.

JÞP greinir frá tillögunni og opnar svo fyrir umræður.

EB: Mjög góðar breytingar.

Lagt til atkvæðagreiðslu.

Einn situr hjá, aðrir samþykkja.

7. Kosning á fulltrúum Stúdentaráðs í ritstjórn Stúdentablaðsins (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:45

- a. Í samræmi við a- lið 39. gr. laga SHÍ skal Stúdentaráð skipa tvo fulltrúa í ritnefnd Stúdentablaðsins. Forseti hefur auglýst eftir tilnefningu frá hvorri fylkingu í samræmi við hefð sem hefur myndast undanfarin ár. Til viðbótar við þessar tilnefningar er auglýst meðal almennra stúdenta með almennum stúdentapósti.
- b. Tillögur:
 - i. Ingveldur Gröndal. f.h. Vöku
 - ii. Katla Ársælsdóttir f.h. Röskvu
- c. JPP opnar f umræður:
- d. IAS segir að það megi gera Stúdentablaðinu hærra undir höfði, hafa það með í kannski stofukynningum. Henni þykir það detta oft undir. Hugmynd um að vera alltaf með útgáfupartý
- e. Kolbrún Lára - Geggjáð blað í fyrra - Hvetja sérstaklega nýnema til að vera með.
- f. Lagt til atkvæðagreiðslu
- g. Einróma samþykkt.

8. Kosning á fulltrúum í stjórn Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 18:45-18:50

- a. Einn fulltrúi frá hvorri fylkingu ráðsins skal skipaður í stjórn Stúdentasjóðs skv. lögum sjóðsins.
- b. Tillögur:
 - i. Mikael Rafn Línberg Steingrímsson. f.h. Vöku
 - ii. Lenya Rún Taha Karim f.h. Röskvu
- c. AE: Hvar getur maður nálgast upplýsingar um úthlutanir - JPP segir að mikið af þessu séu trúnaðargögn. Útskýringar eru á ábyrgð formanns stjórnarinnar.
- d. MÓG: Hver er fjárhæðin? JPP svarar: í kringum 9 milljónir - Samstarfssamningar SHÍ fara ekki í þennan sjóð.
- e. Azra: Opinber félög? Fá að vita a.m.k. um þau. JPP segir eitt verkefna ársins vera að endurgera lög sjóðsins. Þetta væri t.d. eitthvað sem þyrfti að fara í ný lög.
- f. EB: Pæling hvort þessar 9 milljónir séu nóg. JPP segir að það hafi aldrei verið neitað umsóknum því fjármagnið sé búið, fjármagnið dugar.
- g. Atkvæðagreiðsla um þessar tilnefningar
 - i. Samþykk: Einróma

9. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:50-19:15

- a. Líkt og kynnt var fyrir ráðsliðum á síðasta fundi Stúdentaráðs hefur skrifstofa Stúdentaráðs unnið verklagsreglur fyrir Stúdentaráð og kynnt þær fyrir stjórn ráðsins. Verklagsreglurnar verða nú teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu en það er í fyrsta sinn í töluverðan tíma sem það er gert. Lagt er uppúr því að allir ráðsliðar kynni sér reglurnar og fylgi þeim hið ítrasta.
- b. Hér eru 18 blaðsíður, samþykktar reglur má finna á student.is og til hægðarauka verða þær ekki settar inn í þessa fundargerð a.ö.l. en vegna þeirra breytingartillagna sem fram komu.
- c. Ragnhildur er með ábendingu varðandi fagráðið og hvort það eigi alltaf að vísa málum áfram þrátt fyrir þa það sé mögulega ekki samræmt óskum þess sem kom með málið inn.
 - i. JPP svarar: Þegar verklagsreglurnar voru fyrst samþykktar 2018 var niðurstaðan sú að halda því þannig að alltaf ætti að vísa málum til fagráðsins.

- Það væri til þess gert að raunverulega sé hægt að gera sér grein fyrir því hvort og hve mikið af málum séu að koma upp innan skólans. Nafnleynd og samráð við viðkomandi yrði alltaf í forgangi og því gæti tilkynningin einfaldlega verið að það hafi komið upp mál, þ.a.l. yrði það skráð hjá skólanum en ekki gengið á trúnað við tilkynnanda.
- ii. Leggur fram breytingartillögu um viðbót til að skýra að nafnleyndar sé gætt: “undir nafnleynd ef tilkynnandi óskar þess.”
 - iii. Aðalbjörg spyr hvort það sé hægt að koma betur til móts við það að sumir vilja ekki fara með málin áfram.
 - iv. Ragnhildur: Er það ekki fullkomin málamiðlun? að gera þetta með þessari nafnleynd.
 - v. Aðalbjörg er komin með breytingartillögu um viðbót til að skýra betur: “Gæta skal þess að hagur og vilji tilkynnanda sé ávallt virtur”
- d. Kolbrún Lára Kjartansdóttir vísar af fundi 19:01
- i. Aníta: Kemur með breytingartillögu á breytingartillögu viðbót: “ásamt trúnaði”
 - ii. Aðalbjörg bendir á að það stendur nú þegar ofar í texta að gæta skal fullum trúnaði.
 1. Kosið um breytingartillögu RÞ
 - a. Samþykkt: Einróma
 2. Kosið um breytingartillögu AE
 - a. Samþykkt: einróma
 3. Kosið um breytingartillögu AH
 - a. Sitja hjá: RG, AE, FÞÞ, ÞEM, LG
 - b. Samþykkt: Rest - Er samþykkt.
 - iii. Borið upp til samþykktar í heild
 1. Samþykkt: Einróma

10. Breyting á skipan varafulltrúa í Stúdentaráði (atkvæðagreiðsla) 19:15-19:20

- a. Þórunn Egilsdóttir segir af sér sem varafulltrúi á HVS fyrir Eyrúnu Baldursdóttur þar sem hún heldur í nám erlendis, og Athena Neve Leex tekur við.
 - i. Samþykkt: einróma

11. Starfshópur um 100 ára afmæli Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 19:20-19:35

- a. Eftir stefnumótunarferðina og fundi félags- og menningarlífsnefndar komust forseti nefndarinnar og forseti SHÍ að ráðlegt sé að skipa slíkan hóp
- b. Lagt fram vegna þess að lög SHÍ eru þannig að ef það á að skipa starfshóp um eitthvað ákveðið þá þurfi að leggja það fyrir SHÍ - JÞP myndi taka forsæti í þessum starfshóp. Planið að gera þetta kostnaðalaust fyrir okkur. Starfsáætlun yrði gerð í samræmi við plaggið sem var gert í stefnumótunarferð.
- c. Tillagan

21. ágúst 2019

Flutningsaðili:

Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ

Jessý Jónsdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SHÍ

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki að skipa skuli starfshóp til að halda utan um skipulag 100 ára afmælisárs Stúdentaráðs.

Um leið er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa á áfengi, léttum veitingum og öðru tilheyrandi með hefðbundnum veisluhöldum og eftir atvikum þeim viðburðum sem starfshópurinn skipuleggur. Starfshópurinn skal bera slíkar ákvarðanir undir stjórn og skýra nauðsyn á fjárútlátum.

Skýring:

Tillagan er lögð til í samræmi við 22. grein laga Stúdentaráðs: *“Stúdentaráð felur nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Stúdentaráði er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin, afmörkuð verkefni. Þessir einstaklingar og starfshópar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið í sér utanlandsferð á kostnað Stúdentaráðs skal skýrslan vera útarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.”*

Forseti Stúdentaráðs mun vera í forsæti fyrir starfshópinn, leiða störf hópsins og halda utan um þau. Óskað verður eftir einum aðila frá hvorri fylkingu í Stúdentaráði í hópinn og auglýst eftir tveimur aðilum meðal almennra stúdenta. Forseti og aðilar frá báðum fylkingum fara í sameiningu yfir umsóknir almennra nemenda.

Starfshópurinn mun leitast eftir að halda kostnaði í lágmarki, leitast eftir samstarfi við Háskóla Íslands og fyrirtæki um samstarf vegna afmælishaldanna.

Þá mun starfshópurinn vinna að hugmyndum sem litu dagsins ljós í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og útbúa starfsáæltun út frá því. Umfram það má hópurinn nýta sér tækifæri sem koma upp í samskiptum við skólann og fyrirtæki vegna afmælisins.

100 ára afmælisár Stúdentaráðs er árið 2020 og því mun afmælið óhjákvæmilega ná til starfsárs næsta Stúdentaráðs. Starfshópnum er þá veitt heimild til að skipta út fulltrúum fyrir nýja aðila vegna skipta í Stúdentaráði.

- i. JÞP opnar fyrir umræður:
- ii. DTA - Finnst þetta frábært og heldur að Jóna muni standa sig vel í þessu sem og öllu
- iii. AE: Líka eitthvað gott að drekka fyrir þá sem drekka ekki áfengi
- iv. IASr: Getið þið plís ekki keypt tuborg grænan og haft edrúpott eins og á menntaskólaböllum.
- v. Gengið til atkvæða
 1. Samþykkt: einróma

12. Tillaga vegna úthlutunarreglna FS (atkvæðagreiðsla) 19:35-19:50

- a. Tillaga um aukin aðgang doktorsnema að stúdentaíbúðum hefur verið undirbúin og unnin í samvinnu við Félag Doktorsnema og fulltrúa stúdenta í stjórn FS. Tillagan miðar að því að breyta reglum FS um hámarksdvöl á stúdentagörðunum. Upp hafa komið tilfelli þar sem stúdent ákveður að dvelja á Stúdentagörðum í fyrsta sinn í meistaranámi sínu. Þegar sá stúdent ákveður svo að halda áfram í doktorsnám hefur hann ekki lengur rétt á dvöl á Stúdentagörðum samkvæmt úthlutunarreglum. Tillagan er til þess hugsuð að þeir einstaklingar, sem ekki hafa dvalið í grunnnámi sínu í stúdentaíbúð, hafi kost á að búa í stúdentaíbúð í einu meistaranámi og einu doktorsnámi
- b. Tillaga:

Ágúst 2019

Flutningsaðili: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

T I L L A G A**Aukið aðgengi doktorsnema HÍ að stúdentaíbúðum**

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir neðangreindri breytingartillögu á úthlutunarreglum Félagsstofnunar stúdenta (hér eftir FS). Verði breytingartillagan samþykkt af Stúdentaráði verður hún lögð fyrir stjórn FS sem tekur endanlega ákvörðun um gildi hennar.

Reglur eru í gildi hjá FS um hámarksdvöl stúdenta á Stúdentagörðum. Markmið reglnanna er að tryggja að sem flestir stúdentar fái að njóta íbúðanna á meðan námi stendur og gæta jafnræðis.

Samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum FS miðar hámarksdvöl á stúdentagörðum við hefðbundin námstíma. Stúdent getur þannig dvalið á meðan grunnnámi (BA/BS/BEd) sínu stendur *eða* einu framhaldsnámi (meistaránámi *eða* doktorsnámi). Þá getur stúdent dvalið fullan námstíma í grunnnámi og einu framhaldsnámi, samanlagt 5 ár *eða* að hámarki 6 ár.

Miðað við núverandi úthlutunarreglur hefur stúdent þó ekki kost á því að dvelja í stúdentaíbúð í einu meistaranámi og einu doktorsnámi samfleytt. Ef stúdent hefur ekki dvalið í stúdentaíbúð meðan grunnnámi stendur, neyðist hann til að velja hvort hann dvelji í stúdentaíbúð á meðan meistaranámi sínu stendur *eða* doktorsnámi. Sá stúdent á þá einungis rétt á 2-4 árum á stúdentagörðum.

Lagt er til að úthlutunarreglum FS verði breytt þannig að þeir einstaklingar, sem ekki hafa dvalið í grunnnámi sínu í stúdentaíbúð, hafi kost á að búa í stúdentaíbúð í einu meistaranámi og einu doktorsnámi.

Breytingartillagan er eftirfarandi:

<i>Núverandi grein hjá FS</i>	<i>Breytingartillaga</i>
<p>10. Hámarksdvöl Miðað skal við eðlilegan námstíma er hámarksdvöl er metin, þ.e. hversu margra ára nám er lagt að baki meðan á dvöl stendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 3 ára BA/BS = 3 ára hámarksdvöl • 4 ára BS = 4 ára hámarksdvöl • 3 BA/BS/B.Ed + 2 ára MA/MS/M.Ed = 5 ára hámarksdvöl • 4 ár BS+MS = 6 ár • Læknánám = 6 ár • Doktorsnám, 180 ects = 3 ár • Doktorsnám, 240 ects = 4 ár <p>Endurskráning í nám lengir ekki hámarksdvöl miðað við fyrra nám. Miðað er við eitt grunn nám og að hámarki eina námsleið á framhaldsstigi. Doktorsnemar sem þegar hafa dvalið á gördum í grunn- og mastersnámi hafa fullnýtt dvalartíma sinn.</p>	<p>10. Hámarksdvöl Miðað skal við eðlilegan námstíma er hámarksdvöl er metin, þ.e. hversu margra ára nám er lagt að baki meðan á dvöl stendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • 3 ára BA/BS = 3 ára hámarksdvöl • 4 ára BS = 4 ára hámarksdvöl • 3 BA/BS/B.Ed + 2 ára MA/MS/M.Ed = 5 ára hámarksdvöl • 4 ár BS+MS = 6 ár • Læknánám = 6 ár • 2 ára MA/MS/M.Ed = 2 ár • Doktorsnám, 180 ects = 3 ár • Doktorsnám, 240 ects = 4 ár • 2 ára MA/MS/M.Ed + 3 ára doktorsnám, 180 ects = 5 ár • 2 ára MA/MS/M.Ed + 4 ára doktorsnám, 240 ects = 6 ár <p>Endurskráning í nám lengir ekki hámarksdvöl miðað við fyrra nám. Miðað er við að stúdent geti að hámarki nýtt sér dvöl á Stúdentagörðum vegna tveggja háskólagráða. Doktorsnemar sem þegar hafa dvalið á gördum í grunn- og meistaránámi hafa fullnýtt dvalartíma sinn.</p>

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Upp hafa komið tilfelli þar sem stúdent ákveður að dvelja á Stúdentagörðum í fyrsta sinn í meistaranámi sínu. Þegar sá stúdent ákveður svo að halda áfram í doktorsnám hefur hann ekki lengur rétt á dvöl á Stúdentagörðum samkvæmt úthlutunarreglum, þrátt fyrir að hann hefði átt rétt á þremur árum í viðbót hefði hann valið grunn nám+meistaránám.

Þessi breytingartillaga er hugsuð til þess að koma til móts við þessa stúdenta. Alþjóðlegir stúdentar hafa fyrst og fremst verið að lenda í þessu og skapar það mjög erfiðar aðstæður fyrir þau að halda áfram námi við Háskóla Ísland þar sem stuðningsnet þeirra getur verið takmarkað og ómögulegt fyrir þau að finna húsnæði. Við viljum stuðla að öflugara

doktorsnámi og að stúdentar sem vilja rannsaka og læra við Háskóla Íslands fái sanngjarnt tækifæri til þess.

Breytingartillagan er unnin í samráði við fulltrúa stúdenta í stjórn FS og FEDON - félag doktorsnema og nýrannsakenda við Háskóla Íslands.

- c. JPP greinir frá tillögunni og opnar fyrir umræður:
- d. Doktorsnemar og FS
 - i. LG: Ef fólk fer í tvö grunnnám er ekki hægt að gera breytingar á því
 - 1. JPP segir að það sé best að miða þetta eitt við doktorsnám í bili, aðrar breytingar þurfi farveg hjá stjórn og meiri undirbúning og best sé að halda umræðum bundnum við þessar breytingar.
 - ii. VÓ: Hvað með doktorsnám eftir læknanám -
 - 1. JPP segir að þá séum við ca. að detta útaf jafnræðismarkmiði garðana. Hefur alltaf verið stopp eftir 6-7 ár. Erum að jafna bilið með þessu að allir hafi jafn mikinn hámarkstíma.
 - iii. AE: Spyr út í pör. JPP segir það vera í öðrum hluta úthlutunarreglnanna
- e. Kosið um breytingatillögu
 - i. Samþykkt: einróma samþykkt

13. Önnur mál 19:50-20:00

- a. Umhverfis og samgöngunefnd:
- b. Tillaga, AE kemur og kynnir:

21. ágúst 2019

Flutningsaðilar:

*Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ
Lena Rut Einarsdóttir Isaksen, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir og Vigdís Ólafsdóttir,
meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ*

- T I L L A G A -

Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar leggja til að stúdentaráðsliðar fjölmenni á viðburð 23. september sem tileinkaður verður kolefnisjöfnun á háskólasvæðinu auk þess að fjölmenna á öll loftslagsverkföll. Auk þess leggjum við til að stúdentaráðsliðar hvetji meðlimi fylkinganna sinna til að fjölmiðla á þessa viðburði.

Skýring

Stúdentaráð samþykkti að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum í vor og því er eðlilegt að liðar þess fjölmenni á viðburði á vegum nefnda stúdentaráðs eða háskólans sem tileinkaðir eru baráttunni við loftslagsmál. Um er að ræða viðburð sem er liður í því að HÍ fái Grænfánann afhentan næsta vor auk þess sem hann verður haldinn í Gretu-vikunni sem er einnig loftslagsvika háskólans.

- i. JPP opnar fyrir umræður:
 - ii. IAS: Spyr hvað verði nákvæmlega gert; Aðalbjörg talar um að það sé ekki alveg komið á hreint en það skýrist á næstu misserum.
 - iii. MÓG: Vill skjalfesta að það verði beitt hópprýstingi til að fá aðra nemendur til að mæta líka. AE telur það sé gert með tillögunni eins og hún er og MÓG er sammála.
 - iv. AC: Afhverju erum við ekki löngu komin með grænfána? JPP segir það ekki hafa ratað í stefnu Stúdentaráðs fyrir en í fyrra, þar áður hafi ekki verið spáð í þessu.
 - v. ÁJ: Kom með bókun. færa hana inn.
- b. Kosning
- i. Samþykkt: Einróma
- c. Kosning
- Samþykkt: Einróma

d. Hætta að selja nautarkjöt

- i. EB kemur og kynnir tillögu:

*Stúdentaráðsfundur
21. ágúst 2019*

-- T I L L A G A --

Lagt er til að Stúdentaráð óski eftir við stjórn Félagsstofnunnar stúdenta að stofnunin fylgi fordæmi Goldsmiths University of London og hætti sölu nautakjöts í Hámu af umhverfissjónarmiðum.

Rökstuðningur

Það er ekki nóg að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum heldur þurfa aðgerðir sem sporna gegn þeim að fylgja orðum. Því skorar undirrituð á Félagsstofnun Stúdenta (FS) að fylgja fordæmi Goldsmiths University of London og hætta sölu nautakjöts í mótuneytum og verslunum sínum. Er þessi tillaga lögð fram til þess að fylgja eftir yfirlýsingu Stúdentaráðs um neyðarástand í loftslagsmálum, en nautakjötsframleiðsla er gífurlega kostnaðarsöm,

óumhverfisvæn og krefst mikils vatns og landsvæðis. Sjá t.d. [hér](#) og [hér](#). Séu umhverfissjónarmið höfð í fyrirrúmi blasir því við að hætta eða draga úr sölu nautakjöts.

Á [Stúdentaráðsfundi í október 2018](#) lögðu Röskvuliðarnir Krístrún Helga Valþórsdóttir, Vaka Lind Birkisdóttir og Júlía Sif Liljudóttir fram tillögu um að FS myndi minnka kjötúrval í mótuneytum sínum til helmings og bæta við grænkerakostum til móts við það. Síðan þá hefur skrifstofa SHÍ átt góða fundi FS, þ.á.m. reglulega fundi í sumar með framkvæmdastjóra, rekstrarstjóra veitingasölu og kokkum FS um aukið vegan úrval og plastlausu Hámu. Undirrituð vonast til þess að það samtalið verði til þess að róttækar aðgerðir í umhverfismálum verði að veruleika. Tillaga þessi miðar að því að gefa forystu Stúdentaráðs aukið umboð í samtali sínu við FS um breytingar til hins betra í þágu umhverfisins.

Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu í Stúdentaráði

- a. Skóli í London sem gerði þetta og EB telur þetta flotta fyrirmynd.
 - i. Derek - Var að spá hvor þetta eigi líka að hafa áhrif á á stúdentakjallarann. Eyrún segir nei. JPP minnir á að vinsælasti rétturinn þar sé hamborgarinn svo það væri meira up hill battle.
 - ii. Einar Halldórsson - Afhverju ekki allt kjöt? EB segir eitt skref í einu oft falla í betri jarðveg og vera til þess fallið að ná þeim á okkar band.
 - iii. Ingveldur - Er það bundið við heitan mat? Er skinka? EB: Öllu því sem er með nautakjöti
 - iv. Margrét: Er þetta bara það að hefja þessar viðræður? EB segir já þetta er til að gefa shí sterkara umboð í samskiptum við FS um vegan mál.
 - v. Úlfur: Er einhver rannsókn gerð á því hvað er mikil sala á þessum vörum? JPP: segir að hún þekki amk ekki til þess í dag, vörurnar séu þó helst tortillan og kannski roast beef í einhverjum samlokum.
 - vi. Ragnhildur: Segir að nautakjöt sé það sem mengar mest
 - vii. Azra: biður um að það sé betur skýrt í rökstuðningi afhverju er verið að tala bara um nautakjöt og það sé vegna umhverfisáhrifa.
 - viii. Aðalbjörg: Segir að frmskv. krónunnar segir að grænmetisætum hafi fjölgað um 10% síðustu misseri.
 - ix. Margrét: Óskar eftir að fá update frá þeim sem fara á fundinn. JPP upplýsir að FS kemur á næsta fund Stúdentaráðs..
 - x. Ingveldur: Kemur með breytingatillögu um að segja “minnki” sölu kjöts. EB segir það ekki ná markmiði tillögunnar um að hafa sterkt umboð til viðræðna.
 - xi. Sólveig: Ekki nægilega hnitmiðað að segja bara að draga úr.
 - xii. Ingveldur Gröndal: Þeir sem vilja koma með nautakjöt geta komið með það að heiman.
 - xiii. Tinna Líf: Vill að við kjósum.
 - xiv. Valdís er með breytingatillögu -
 1. Ragnhildur: Segir að við séum hérna í umboði stúdenta og eigum að geta tekið ákvörðun.

2. Aðalbjörg: Segir að við séum í háskóla og við eigum að vera í framlínu þess að gera breytingar.
 - b. Kjósa um að kjósa um tillöguna.
 - i. Einróma
 - c. Breyting - Minnki eða
 - i. Samþykkt: Ingveldur
 - ii. Sitja hjá: Úlfur, Azra, Margrét, Derek, Tinna, Vigdís, Ási
 - iii. Móti; 15
 - iv. Tillaga felld.
 - d. Kosið um kanna grundvöll
 - i. Samþykkt Guðrún, Azra, Derek og Ingveldur Anna, Jóna Margrét, Vigdís
 - ii. Sitja hjá: Úlfur, Ingveldur Gröndal, Margrét, Þórdís, Vopni, Freydís, Tinna, Sigurhjörtur, Þórdís Aníta
 - iii. Á móti: Einar, Aðalbjörg, Ragnhildur, Eyrún, Sólvegis, Þórhildur og Ási Andrea.
 1. Fellt
 - e. Af umhverfissjónarmiðum
 - i. Samþykkt: Allir nema
 - ii. Sitja hjá: Úlfur, Tinna, Vigdís
 2. Í heild:
 - a. Samþykkt: 19
 - i. Sitja hjá: Jóna Margrét, Ingveldur Anna, Tinna
 - ii. Móti: Úlfur
 - iii. Samþykkt
- Klukka er 19:59 og því ekki rými fyrir síðasta annað málið en fundarstjóri spyr fund hvort þeir aðilar vilji kynna tillöguna á örstuttum tíma. Þau gera það og fundi svo slitið.

Stúdentaráðsfundur

21. ágúst 2019

-- T I L L A G A --

um þýðingar á gögnum SHÍ

Hér með er lagt til að SHÍ álykti á þann veg að ráðinu og stjórn SHÍ verði gert skylt að þýða öll opinber gögn sín, þ.m.t. fundargerðir, tilkynningar, auglýsingar o.s.frv. á ensku.

Flutningsaðilar: Derek T. Allen, stúdentaráðsliði Vöku

Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku

Skýring

Hagsmunastörf SHÍ skulu unnin í þágu allra nemenda HÍ, einnig þeirra sem ekki hafa

íslensku að móðurmáli. Augljóst er að erfiðara er að kynna sér störf og tilgang SHÍ eða koma sér inn í mál líðandi stundar ef ekki er aðgengilegur texti á máli sem að flestir einstaklingar skilja. Það er algeng kvörtun hjá erlendum nemum að þeim finnst háskólasamfélagið útilokandi gagnvart þeim. Þýðing á gögnum Stúdentaráðsins væri jákvætt skref í átt að því að takast á við þetta vandamál.

Í Háskólanum eru um 1500 nemendur af erlendum uppruna en það eru rúmlega 10% nemenda. Margir þessara nemenda tala enga íslensku og er þar með erfiðara fyrir þá að nýta sér þjónustu Stúdentaráðsins. Jafnframt eru margir þessara erlendra nemenda að læra íslensku í námsgrein að nafni „Íslenska sem annað mál”, vinsælasta námsgrein Háskóla Íslands. Hér glatast tækifæri til að mynda tengsl við þessa nemenda þegar sleppt er að þýða efni okkar yfir á ensku.

SHÍ hefur það að opinberri stefnu í alþjóðamálum frá 22. október 2018 að þýða allt efni þess yfir á ensku en ljóst er að ekki er föst regla á þessum málum, en t.a.m. eru fundargerðir ekki þýddar á ensku. Nú þykir okkur löngu tímabært að koma á fastri reglu um að allt efni skuli þýtt á ensku. Samkvæmt Times Higher Education World University mælikvörðum er Háskóli Íslands einn af 250 bestu háskólunum í heimi. Þýðingar á Stúdentaráðsgögn gætu mögulega hjálpað háskólanum halda, eða jafnvel hækka þessari stöðu.

Hugsað var að þýðing á gögn SHÍ gæti verið ábyrgð Alþjóðanefndarinnar SHÍ. Þýðingar gætu mögulega vera á ábyrgð Alþjóðafulltrúa SHÍ eða Alþjóðanefndarinnar. Hér með er einnig lagt til að ráðist verði í breytingar á lögum SHÍ þar sem að skylda þess til þýðinga er fest í lög.

Stúdentaráðsfundur

21. ágúst 2019

ENGLISH

-- M O T I O N --

to translate all Student Council documents

It is here proposed that the Student Council of the University of Iceland (hereafter abbreviated as SCUI) translate all official documents, including meeting minutes, announcements, advertisements, etc., into English.

Motioners: Derek T. Allen, SCUI representative (Vaka)

Margrét Ósk Gunnarsdóttir, Council Chairperson (Vaka)

Justification

SCUI shall work in the best interests of all University of Iceland students, including those that do not have Icelandic as their mother language. Foreign students face obvious barriers when attempting to acquaint themselves with SCUI or take part in its projects due to the lack of information in a language that they can understand. A common complaint of international students is that the University of Iceland excludes them. To translate SCUI documents would be a step forward when it comes to tackling this issue.

The University of Iceland boasts roughly 1500 foreign students, a little more than 10% of the student body. Many of these students speak no Icelandic, making it harder for them to benefit from the services that the SCUI provides. Furthermore, many of these students are studying in the program Icelandic as a Second Language, the single most popular program in the university. Only having SCUI documents in Icelandic misses the opportunity to build a connection with foreign students as well as enhance their learning.

SCUI's 2018 official policy regarding international issues states a goal of translating all SCUI documents in English, but it is clear that this goal is not being pursued by the lack of translations of meeting minutes as an example. We believe that a law requiring the translation of SCUI documents is long overdue. According to the Times Higher Education World University rankings, the University of Iceland is one of the 250 best universities in the world. Translations of SCUI materials could help the university maintain, or even increase their status.

We believe that the responsibility of SCUI translations should lie within the hands of the International Committee of the SCUI. Translations could possibly be within the job description of the International Representative. Another idea was to delegate translation jobs

Stúdentaráðsfundur

21. ágúst 2019

to another member of the International Committee that is not the International Representative. There has also been considerations of amendments to SCUI's laws with regards to translations.

Fundi slitið 20:02